



ÁRSSKÝRSLA 2025


Mikilvægt afmælisár að baki



Árið 2025 var stórt og mikilvægt afmælisár í sögu jafnréttisbaráttunnar. Það markaði 50 ár frá fyrsta alþjóðlega kvennaári Sameinuðu þjóðanna, árið 1975. En einnig þrjátíu ár frá samþykkt Peking-sáttmálans, sem markaði tímamót í jafnréttismálum, og 15 ár frá stofnun UN Women, sem fram að því hafði verið jafnréttissjóður innan Sameinuðu þjóðanna, en varð árið 2010 að sjálfstæðri undirstofnun SP.

Landsnefnd UN Women á Íslandi hélt upp á þessi tímamót með ýmsum hætti. Hæst ber að nefna fyrstu heimsherferð landsnefndarinnar, March Forward fyrir jafnrétti kynjanna. Markmið hennar var að skapa hreyfingu sem sameinar fólk til að taka afstöðu gegn bakslaginu sem orðið hefur í jafnréttismálum á heimsvísu. March Forward-herferðin hófst formlega á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, þann 8. mars. Ellefu landsnefndir UN Women tóku þátt í átakinu, sem og höfuðstöðvar UN Women í New York og landsskrifstofur UN Women um allan heim. Náði herferðin meðal annars til fólks í Kasakstan, Bandaríkjunum, Ástralíu, Finnlandi, Ítalíu og víðar.

„Ísland er það land í heiminum sem er næst því að ná fullkomnu kynjajafnrétti og það er okkar markmið að Ísland haldi þeirri vegferð áfram og verði fyrsta landið í sögu mannkyns þar sem konur og hinsegin fólk býr við jafnan rétt, öryggi og tækifæri. Þetta er ástæðan fyrir því að UN Women á Íslandi leiðir þessa heimsherferð með stuðningi íslenskra stjórnvalda og fyrirtækja,“ sagði Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, um átakið á sínum tíma.



KONUR OG STÚLKUR STANDA FRAMMI FYRIR NÝRRI ÓGN

Annað stórt og mikið vitundarvakningarátak sem UN Women á Íslandi réðst í á árinu var hið árlega 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, er vakti athygli á nýrri ógn er steðjar að konum og stúlkum um allan heim; stafrænu kynbundnu ofbeldi. Tíðni stafræns kynbundins ofbeldis hefur stórukist undanfarin ár. Slíkt ofbeldi tekur á sig margar birtingarmyndir, svo sem áreitni og eltihrellingu í gegnum stafræna miðla og tækni, dreifingu myndefnis án samþykkis, djúpfalsanir (e. deepfakes) og mannhvelið (e. manosphere). Stafrænt ofbeldi er í auknum mæli notað sem tól til að þagga niður í konum og stúlkum, niðurlægja þær og hræða. Á sama tíma hafa innan við 40% ríkja heims sett lög sem vernda konur gegn stafrænu ofbeldi. Þetta er ógn við lýðræði þar sem konur fara að veigra sér við að taka þátt í umræðum vegna áhættunnar að verða fyrir áreitni.

Framkvæmdastýra UN Women hefur ítrekað bent á að afleiðingar stafræns kynbundins ofbeldis nái langt út fyrir stafræna miðla. Það vekur upp raunverulegan ótta hjá þolanda og í mörgum tilfellum hefur stafrænt ofbeldi leitt til líkamlegs ofbeldis.

Aðeins nokkur ár eru til stefnu þar til Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á að vera náð. Þar með talið markmið númer 5 um jafnrétti. Raunin er hins vegar sú að enn er alltof langt í land og viðbragð heimsins alltof seinfara. Þegar kemur að stafrænu kynbundnu ofbeldi er nauðsynlegt að lögin þróist samhliða nýrri tækni. Skortur á lagalegri vernd þýðir að milljónir kvenna og stúlkna um allan heim eru áfram beittar stafrænu kynbundnu ofbeldi á meðan gerendur njóta refsileysis. Þetta er óásættanlegt og þessu verður að breyta. Jafnréttisbaráttan er ekki barátta sumra – hún er barátta okkar allra og við verðum öll að leggja okkar af mörkum.

UN Women á Íslandi þakkar mánaðarlegum styrktaraðilum sínum, samstarfsfyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum velunnurum fyrir þann stuðning sem okkur var sýndur árið 2025.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP UTANRÍKISRÁÐHERRA	5
ÁVARP FORMANNS	7
FJÁRÖFLUN	9
VITUNDARVAKNING OG FRÆÐSLA	11
FJÖLMIDLUN OG SAMFÉLAGSMIDLAR	19
FYRIRTÆKJASAMSTARF	20
FJÁRMÁL OG REKSTUR	23
STUÐNINGUR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ STARF UN WOMEN	27
ENGLISH OVERVIEW	28
VIÐ ERUM UN WOMEN Á ÍSLANDI	31

ÚTGEFANDI: **UN WOMEN Á ÍSLANDI**
 FORSÍÐUMYND: **SNORRI STURLUSON**
 MYNDIR: **ATLI ÞÓR ALFREÐSSON,**
SNORRI STURLUSON OG MYNDIR ÚR
SAFNI UN WOMEN.
 UPPSETNING: **FRÍÐRIK SNÆR**
FRÍÐRIKSSON

UN WOMEN Á ÍSLANDI
 MANNRÉTTINDAHÚSIÐ SIGTÚNI 42
 105 REYKJAVÍK
 SÍMI 552 6200
 WWW.UNWOMEN.IS

Ávarp

UTANRÍKISRÁÐHERRA

Á undanfögnu ári hefur heimurinn minnt okkur á hversu brothættar framfarir geta verið.

Við lifum á tímum þar sem átök hafa aukist, pólitísk spenna magnast og alþjóðakerfið sem byggt var upp eftir seinni heimsstyrjöld stendur frammi fyrir nýjum áskorunum. Á slíkum tímum er hætt við að réttindi fólks verði undir – og reynslan sýnir að konur og stúlkur bera þá oft þyngstu byrðarnar.

Við sjáum það á áttakasvæðum þar sem kynbundnu ofbeldi er beitt sem vopni. Við sjáum það þar sem konur eru útilokaðar frá menntun, vinnumarkaði eða þátttöku í stjórnámálum. Og við sjáum það í þeirri pólitísku umræðu sem víða hefur orðið háværi á undanföngnum árum og dregur í efa réttindi sem áður þóttu sjálfsgöð.

Þetta er veruleikinn sem við stöndum frammi fyrir. Og við Íslendingar erum ekki ónæm fyrir þessari þróun.

Á sama tíma er þrýstingur á alþjóðakerfið að aukast. Samstarf sem byggt hefur verið upp áratugum saman er víða dregið í efa og við sjáum merki þess að sum ríki stígi til baka – jafnvel frá grundvallarskuldbindingum um mannréttindi og jafnrétti.

Það breytir þó ekki því sem skiptir máli. Og þegar sumir stíga til baka þurfa aðrir að stíga fram.

Þar liggur mikilvægi UN Women. Starf stofnunarinnar snýst um raunverulegt líf fólks. Um rétt stúlkna til menntunar. Um öryggi kvenna á átakasvæðum. Um efnahagslegt sjálfstæði og þátttöku í ákvörðunum sem móta samfélög. Og þar þurfum við að standa sterk með okkar gildum.

Fyrir smáþjóð eins og Ísland skiptir þetta höfuðmáli. Við eigum allt okkar undir því að alþjóðakerfið virki og að reglur, réttur og mannréttindi séu virt. Þess vegna skiptir máli að við tökum afstöðu - og látum hana í ljós.

Ísland hefur lengi lagt áherslu á að jafnrétti sé ekki jaðarmál heldur grunnforsenda friðar og velsældar. Sú sannfæring mótast ekki aðeins af gildum heldur reynslu. Við vitum að samfélög verða sterkari þegar konur taka fullan þátt. Við vitum að framfarir verða hraðari þegar tækifærin eru jöfn. Við höfum upplifað það sjálf. En við vitum líka að bakslag verður þegar við hættum að standa vörð.




ÞORGERÐUR KATRÍN
GUNNARSDÓTTIR
UTANRÍKISRÁÐHERRA

Þess vegna mun Ísland áfram styðja UN Women og það mikilvæga starf sem þar er unnið. Bæði á alþjóðavettvangi og hér heima með málsvarastarfi og auknum framlögum.

Starf Landsnefndar UN Women á Íslandi er þar lykilþáttur. Hún hefur skapað vettvang fyrir samstöðu, aukið vitund og minnt okkur á að jafnrétti er ekki aðeins alþjóðlegt verkefni - heldur einnig okkar eigið.

Nú er verkefnið ærið. Við þurfum að standa með þeim gildum sem skipta máli. Að láta ekki undan þegar á móti blæs. Og að tryggja að næstu skref verði áfram í átt að fullu jafnrétti.

Hættu þessu rugli



Hann fór líklega ekki fram hjá mörgum, þátturinn á Netflix sem heitir Louis Theroux: Inside the Manosphere. Mig setti hljóða eftir að hafa horft á þáttinn, vegna mannanna sem þarna voru og skilaboðanna sem þeir sendu, stoltir af sér og sinni karlmennsku. Skilaboðin, meðal annars, um að konur ættu ekki hafa réttinn til að kjósa og að karlar viti hvað konum er fyrir bestu, að besti staðurinn fyrir konur væri í eldhúsinu og fleiri skilaboð sem varla er hægt að tala um. Og nei, þetta er ekki þáttur frá 1963 ! Margir hugsa líklega: „Hvað, þetta eru bara einhverjir gaurar og hafa engin áhrif“. En því miður er það þannig að þeir eru fyrirmyndir fyrir marga unga menn og drengi. Þeir hafa gífurlegan áhrifamátt í gegnum samfélagsmiðla, í milljónavís.

Ég vildi óska þess að fleiri karlmenn myndu standa upp og hafa hugrekki til þess að fordæma þessa gæja og tala frekar um jákvæða karlmennsku. Menn

sem hafa raunverulegt sjálfstraust, þurfa ekki að vera með kvenfyrirlitningu og upphefja ofbeldi gegn konum, heldur trú á jafnrétti og mannréttindi. Að við getum öll búið á þessari jarðkringlu með jöfn tækifæri. Það er náttúrulega þannig að þegar að öll kyn taka þátt í samfélaginu, ekki bara eitt kyn á vinnumarkaði, þá eykst þjóðarframleiðslan - útreikningar UN Women áætla að verg landsframleiðsla á heimsvísu myndi aukast um 20% miðað við höfðatölu, ef kynjabilinu yrði eytt. Þær þjóðir sem nýta krafta þegna sinna, blómstra og dafna, eru hamingjusamari og ríkari að öllu leyti, og þá er ég ekki að tala bara um peninga.

Við konur og minnihlutahópar höfum barist í áraraðir, fyrir því að hafa rödd, að segja okkar skoðun, að fá sæti við borðið. Við höfum náð frábærum árangri í jafnrétti á Íslandi sérstaklega, og á Norðurlöndum. Maður heldur því að hlutirnir geti ekki farið aftur á bak fyrst við erum komin svona langt. En jú, jú, það kom bakslag og það finnum við út um allan heim. Það hjálpar ekki baráttunni þegar við erum með unga karlmenn sem fyrirmyndir á samfélagsmiðlum að breiða út boðskap mannhvellsins.

Ég biðla til allra karlmannna, sem sitja vel í eigin skinni og eru með raunverulegt sjálfstraust. Næst þegar einhver svona gaur ætlar að koma með einhverja svona glataða ræðu um að konur eigi ekki að kjósa, eða eru óæðri, eða eitthvað svona bull, að stoppa það af strax. Þrasa við þetta lið, taka nokkur komment á kommentakerfunum og leyfa þeim ekki komast upp með þetta. Því í krafti földans, sem sýnir hugrekki og stígur fram, breytum við hlutum og það er alltaf auðveldara að vera hluti af fjöldanum í stað þess að vera einn. Við þurfum fjöldann af karlmönnum sem ýta við öðrum karlmönnum og segja hættuþessurugli!




ANNA STEINSEN

FORMAÐUR STJÓRNAR UN WOMEN Á ÍSLANDI

Fjáröflun

FRAMLÖG LJÓSBERA



LÍKT OG UNANFARIN ÁR SENDI ÍSLENSKA LANDSNEFNDIN HÆSTU FJÁRFRAMLÖG ALLRA LANDSNEFNDA, SEM ERU 13 TALSINS, Í KJARNASJÓÐ UN WOMEN, ÓHÁÐ HÖFÐATÖLU. ÞETTA ER ÁRANGUR SEM VIÐ ERUM MJÖG STOLT AF, SÉRSTAKLEGA Í LJÓSI AUKINNAR VERÐBÓLGU OG KREFJANDI EFNAHAGSÁSTANDS.


LJÓSBERAR

Mánaðarlegir styrktaraðilar, Ljósberar, eru hjarta og hryggjarstykki íslensku landsnefndarinnar. Með mánaðarlegum framlögum tryggjum við að nauðsynlegt fjármagn berist til verkefna UN Women um allan heim. Ljósberar hafa þannig bein áhrif á líf kvenna og stúlkna og stuðla að réttlátari heimi fyrir öll.

Árið 2025 fækkaði Ljósberum töluvert. Það voru aðeins **314** nýskráningar á móti **1.217**

afskráningum. Þetta má rekja til krefjandi efnahagsástands en einnig til tiltektar í félagaskrá UN Women á Íslandi og þeirra afskráðu sem höfðu ekki greitt í langan tíma. Kynjahlutfall nýskráninga var nokkuð jafnt. Um það bil 86% nýskráðra voru ennþá virkir í lok árs. Meðalframlag nýskráðra var u.þ.b. **2.200 kr.** Fjöldi virkra Ljósbera í lok árs var **8.949**. Heildarframlög Ljósbera lækkuðu úr **197.707.051 kr.** árið 2024 í **193.686.325 kr.** árið 2025.

PRÓUN Á FJÖLDA LJÓSBERA



ÚTHRINGINGAR OG GÖTUKYNNINGAR

Úthringingar og götukynningar fóru einungis fram á vegum UN Women á Íslandi árið 2025. Engin þjónusta var keypt frá TAKK eins og á árinu áður. Flestar nýskráningar, 196, komu inn í gegnum úthringiver UN Women á Íslandi, 97 komu frá götukynningum og 21 skráði sig á vefsíðunni. 190 Ljósberar hækkuðu framlag sitt í kjölfar þjónustusímtals úthringiversins.

Úthringiverið fór í herferð til að fá staka styrki í kringum 16 daga átakið og söfnuðust alls 16 styrkir fyrir samtals **82.000 kr.**

TÁKNRÆNAR GJAFIR OG ANNAR SÖLUVARNINGUR

Sala á táknrænum gjöfum er ennþá mikilvæg tekjulind en árið 2025 fór salan upp í **495.890 kr.** UN Women á Íslandi hóf samstarf við Hæ blóm, blómaverslun í Grímsbæ, og KORG kaffibrennslu í Skagafirði í desember 2025. Seldar voru þrjár tegundir af kortum í Hæ blóm; mömmupakki, neyðarpakki og námsstyrkur, ásamt lúxuskaffi frá KORG.

Lögð var áhersla á kertasölu – Ljós í lífi kvenna – og voru þau seld til margra fyrirtækja og jafnframt voru ilmkerstin seld í nokkrum verslunum Pennans Eymundsson, Epal Skeifunni og Ekóhúsinu. Samtals seldust kerti fyrir **3.129.750 kr.**

Vörur úr SADA verkefni UN Women og 66° Norður fóru í sölu í lok nóvember en samtals seldust vörur fyrir **156.000 kr.**

POP-UP MARKAÐIR

Alls seldist fyrir **2.157.400 kr.** á pop-up mörkuðum. Yfir árið var tekið þátt í 20 slíkum mörkuðum.

FO-HERFERÐIN 2025

Ágóðinn af FO stuttermabolnum – Ástin sigrar – fór til Afganistan. Alls seldist fyrir **4.776.020kr.** frá því að bolurinn fór í sölu í september 2025. Salan heldur áfram 2026 og mun allur ágóði af bolnum fara áfram til Afganistan.

Vitundarvakning og fræðsla

Vitundarvakning og fræðsla er ein af megin stoðum alls starfs UN Women á Íslandi. Samtökin veita fræðslu til fyrirtækja, skóla og almennings, m.a. í gegnum samstarf, fyrirlestra og fræðsluherferðir. Árið 2025 var óvenju annasamt hjá UN Women á Íslandi, en samtökin leiddu heimsherferðina March Forward fyrir jafnrétti kynjanna, sem var eitt stærsta verkefni sem landsnefndin hefur ráðist í frá upphafi.

Þá tók framkvæmdastýra UN Women á Íslandi að venju þátt í fjölda málstofa og viðburða fyrir hönd samtakanna. Má þar nefna kynningar fyrir UAK, þátttöku í viðburðum á vegum Mannréttindahússins, kynningu fyrir nema í lögfræði í HR, viðburði í tengslum við ályktun 1325 um konur, frið og öryggi, sem og þátttöku í Reykjavík Global Forum.



MARCH FORWARD FYRIR JAFNRÉTTI KYNJANNA

March Forward var alþjóðlegt átak leitt af UN Women á Íslandi og unnið í samstarfi við aðrar landsnefndir UN Women og höfuðstöðvar UN Women í New York. Markmið átaksins var að skapa vitundarvakningu sem sameinaði fólk til að taka afstöðu gegn bakslaginu í jafnréttismálum á heimsvísu. March Forward herferðinni var ýtt úr vör á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars 2025 og náði m.a. til Kasakstan, Bandaríkjana, Frakklands, Ítalíu og Ástralíu. Verkefnið naut fjárhagslegs stuðnings utanríkisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins, auk Landsbankans og Arion banka. Ellefu landsnefndir UN Women, ásamt höfuðstöðvum samtakanna, tóku þátt í herferðinni og stóðu að baki fjölbreyttum viðburðum um allan heim. Þar má nefna tíu þúsund manna samstöðugöngu í Helsinki, Finnlandi. Samfélagsmiðlar einkenndust af samstöðugjöfningnum „backwards walk“ þar sem

fjölmargir einstaklingar tóku þátt, þar á meðal áhrifafólk, leikarar, íþróttafólk og áhrifavaldar. Burðarmynd („hero film“) herferðarinnar var sýnd víða auk þess sem herferðinni var fylgt eftir með undirskriftalistum, greinaskrifum og viðtölum, sem skilaði sér í tugþúsundum færslna undir myllumerkjum herferðarinnar á Instagram einu saman.

Þann 8. mars stóðu UN Women á Íslandi einnig fyrir viðburði í Sjálfstæðissalnum við Austurvöll (þar sem Nasa var áður til húsa). Viðburðurinn hófst með áhrifamiklum gjörningi, Yfirtöku, sem umlukti allan salinn og áhorfendur. Gjörningurinn er verk danshöfundarins Önnu Kolfinnu Kuran og var í flutningi Kvennakórs Reykjavíkur, Domusvox - félaga úr Stúlnakór Reykjavíkur og Aurora og Skólakórs Kársness. Þá sungu kórarnir lögin Dropi í hafi og Krumlu ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum í útsetningu Tuma Torfasonar og Árna Harðarsonar. Utanríkisráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók til

máls á viðburðinum og fluttu Guðrún Ágústsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Grace Achieng og Stella Samúelsdóttir einnig erindi í tilefni dagsins. Áður en viðburðurinn hófst tóku femínískir aðgerðarsinnar á móti gestum á Austurvelli með gjörningi sem einnig var útfærður af Önnu Kolfinnu.

March Forward herferðinni var haldið á lofti út árið 2025 með ýmsum hætti, bæði á samfélagsmiðlum og í raunheimum. Sextán framhaldsskólar um allt land tóku m.a. þátt í samstöðugjöfningnum „backwards walk“ og deildu á samfélagsmiðlum. Fjallað var um gjörninginn í kvöldfréttum bæði á RÚV og Sýn.

ÍSí tók einnig þátt í herferðinni með því að gera „backwards walk“ og deila á samfélagsmiðlum sínum, með greinaskrifum og fjölmiðlaviðtölum. Þá tóku Íslandsmeistarar Vals í handbolta kvenna þátt í herferðinni með „backwards walk“.

March Forward herferðin náði til

ríflega 2,4 milljarða einstaklinga um allan heim og fékk yfir tvö þúsund umfjallanir á ólíkum miðlum.

RING THE BELL

Að venju tók UN Women á Íslandi þátt í Ring the bell í samstarfi við Nasdaq Iceland (Kauphöllina), Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) og UN Global Compact á Íslandi. Ring the Bell er alþjóðlegt átak og er ætlað að hvetja kauphallir um allan heim til að vinna í átt að jafnrétti kynjanna á sínum mörkuðum því enn hallar töluvert á hlut kvenna þegar kemur að stjórnunarstöðum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllum um allan heim.

KVENNAÁR OG KVENNAVERKFAILLIÐ 2025

UN Women á Íslandi átti sæti í framkvæmdastjórn Kvennaárs 2025. Árið 2024 skoraði Kvennaár á íslensk stjórnvöld að breyta löggjöf og grípa til aðgerða svo fullu kynjajafnrétti yrði náð fyrir 24. október 2025. Ekki var útlit

fyrir að það yrði að veruleika svo að Kvennaverksfall 2025 var skipulagt á landsvísu þann 24. október. Landsnefndin kom að skipulagningu verkfallsins og sögugöngunni sem fram fór sama dag. UN Women á Íslandi leiddi, ásamt frjálsum félagasamtökum sem styðja við þolendur kynbundins ofbeldis, þann hluta göngunnar sem var helgaður baráttunni gegn ofbeldi. Landsnefndin sat sömuleiðis í framkvæmdastjórn Kvennaverksfallsins sem fram fór árið 2023.

Ýmsir viðburðir voru haldnir í tengslum við Kvennaár 2025 og komu UN Women á Íslandi að skipulagningu þeirra. Má þar nefna danspartý með fémínísku ívafi í lðnó í upphafi árs, Kvennavöku - stórtónleika í Hljómskálagarðinum og þjóðfund Kvennaárs með ungum konum og kvárum. Auk þess tók Kvennaár 2025 þátt í kröfugöngu á alþjóðlegum baráttudegi verkalyðsins 1. maí, þar sem eftirmynd af styttunni Venus var í fararbroddi, og gleðigöngunni á Hinsegin dögum.

PEKING +30

UN Women á Íslandi stóð fyrir viðburði á Hilton Reykjavík Nordica í samstarfi við kínverska sendiráðið á Íslandi í tengslum við 30 ára afmæli Pekingsáttmálans. Pekingsáttmálinn er áætlun sem hefur það að markmiði að flýta framgangi kynjajafnréttis um allan heim. Þessi áætlun var samþykkt árið 1995 í Peking í Kína og þótti marka ákveðin kaflaskil í réttindabaráttu kvenna því hann var einróma samþykktur af öllum 189 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna.

Á viðburðinum fór fram áhugavert pallborð þar sem fjallað var um mikilvægi sáttmálans, þann árangur sem náðst hefur í jafnréttisbaráttunni og áskoranirnar sem við stöndum nú frammi fyrir í ljósi bakslagsins sem orðið hefur í réttindum kvenna um allan heim.

16 DAGA ÁTAKIÐ GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Árleg ljósaganga UN Women á Íslandi fer fram ár hvert

á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi, þann 25 nóvember. Dagurinn markar jafnframt upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi, sem UN Women á Íslandi stendur að ásamt fjölda annarra félagsamtaka. Árið 2025 var áhersla átaksins á stafrænt ofbeldi og var Ljósagangan gengin til minningar um baráttukonuna Ólöfu Töru Harðardóttur. Fjölskylda Ólafar Töru leiddi gönguna frá Arnarhóli og að Bríetartorgi ásamt fulltrúum UN Women á Íslandi, Bjarkarhlíðar, Druslugöngunnar, Íslandsdeildar Amnesty International, Kvenréttindafélags Íslands, Kvennaathvarfsins, Rótarinnar, Stígamóta, Vitundar og ÖBÍ.

Aukinn sýnileiki var í kringum 16 daga átakið í ár en hefur verið. Atlantsólía gerðist fyrsti bakhjarl átaksins og lýsti valdar bensínstöðvar í appelsínugulu auk þess sem efni tengt herferðinni var sýnilegt á verðskiltum bensínstöðvanna, í útvarpi og á stafrænum miðlum Atlantsolíu. Þá var fjöldi bygginga um allt land lýstur

upp í appelsínugula litnum í tilefni dagsins, þar með taldar kirkjur, listasöfn, háskólar, Harpa menningarhús og Stjórnarráðið.

SVELLIÐ

UN Women á Íslandi framleiddi fimm hlaðvarpsþætti í lok árs 2025. Markmið hlaðvarpsins er að opna á umræðu um jafnrétti og þær áskoranir sem karlmenn og drengir standa frammi fyrir í nútíma samfélagi. Hlaðvarpið er afrakstur rýnihópavinnu sem UN Women á Íslandi lagðist í með aðstoð sérfræðinga fyrri hluta ársins 2024 og unnið með stuðningi félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Efnistöð þáttanna miðast út frá þeim þemum sem komu ítrekað upp í rýnihópavinnunni. Hver þáttur einblínir á ákveðið málefni, s.s. föðurhlutverkið, grín og mannréttindabaráttu, samskipti, árangur í lífinu og geðheilsu. Þáttastjórnandi er Birna Pétursdóttir og stjórn upptöku er í höndum Baldurs Ragnarssonar. Myndupptaka og klipping er í höndum Steinars Júlíussonar. Hlaðvarpið er hýst hjá Hljóðkirkjunni og aðgengilegt á Spotify sem og á Youtube.

UN WOMEN Á ÍSLANDI X 66°NORÐUR X SADA COOPERATIVE

UN Women á Íslandi og 66°Norður efndu til viðburðar í Höfuðstöðinni 4. nóvember á. Tilgangur viðburðarins var tvíþættur: annars vegar að forsýna sameiginlegt verkefni 66°Norður og UN Women á Íslandi í samstarfi við SADA Cooperative í Tyrklandi; hins vegar að blása til listasmiðju í anda Höfuðstöðvarinnar, þar sem unnið var með vörur frá SADA.

SADA Cooperative er fyrirtæki sem stofnað var af konum á flóttu í samstarfi við tyrkneskar konur, með stuðningi UN Women í Tyrklandi. Markmiðið var að efla félagstengsl, atvinnutækifæri og fjárhagslegt sjálfstæði kvennanna sem standa að baki SADA. Samstarf 66°Norður og UN Women á Íslandi mun skapa tekjur fyrir konurnar og stuðla að áframhaldandi starfsemi SADA Cooperative. Fjallað var um viðburðinn í fjölmiðlum og herferðarefni tengt verkefninu birtist á miðlum UN Women á Íslandi og 66°Norður.

UNGMENNARÁÐ STARFSÁRIÐ 2025-2026

Starfsár ungmennaráðs UN Women á Íslandi hófst með aðalfundi þann 22. apríl 2025 þar sem kosin var ný stjórn. Á fundinum var farið yfir helstu verkefni ráðsins, starfsemi fyrri ára og starfsárið fram undan.

Töluverðar breytingar urðu á stjórnarskipan ráðsins á starfsárinu og varð því tvívegis raðað í embætti að nýju, en auk þess bættust við fleiri fulltrúar eftir því sem leið á árið. Stjórnin sem lýkur starfsárinu er eftirfarandi: Mist Þormóðsdóttir Grönvold forseti, Sóley Anna Jónsdóttir ritari, Elín María Jakobsdóttir samfélagsmiðlafulltrúi, Magnús Ingi Árnason fjáröflunar - og fræðslufulltrúi, Ragnheiður Andrésdóttir samfélagsmiðlafulltrúi, Védís Vífilsdóttir samfélagsmiðlafulltrúi, Leona Iguma samfélagsmiðlafulltrúi, Ásta Dís Ingimarsdóttir fræðslufulltrúi, Þórunn Eva Ingvarsdóttir fræðslufulltrúi, María Ingadóttir, gjaldkeri og fræðslufulltrúi og Áróra Gunnarsdóttir, fjáröflunar- og fræðslufulltrúi.

Ungmennaráðið setti sér þau markmið á árinu að efla nærveru sína á samfélagsmiðlum enn frekar, auka sýnileika sinn og vekja athygli á herferðum UN Women á Íslandi. Til þess þurfti til að mynda að opna aftur fyrir Instagram-reikning ráðsins sem lokað hafði verið í mars. Sem betur fer tókst að endurheimta fyrri reikning og hélt ungmennaráð áfram að deila efni þar, á TikTok og á Facebook. Þar að auki fengu nýir fulltrúar ungmennaráðs aðgang að tölvupósti ráðsins og gátu því átt í samskiptum við fyrirtæki, skóla og aðra aðila á þeim vettvangi.

Líkt og áður kom fram urðu miklar breytingar á skipan ráðsins á starfsárinu. Tveir forsetar stigu til hliðar og þurfti því að endurraða í embætti og fjölga í ráðinu til þess að stuðla að áframhaldandi starfsemi þess. Á sama tíma bættust frábærir og metnaðarfullir fulltrúar í hópinn sem áttu stóran þátt í því að hrinda fleiri verkefnum í framkvæmd og þeim árangri sem náðist. Hræringar innan hópsins urðu þó til þess að krefjandi var að koma ráðinu af stað og voru fyrstu mánuðir starfsársins

því heldur tíðindalitir, fyrir utan fundarhöld sem fóru alla jafna fram tvisvar í mánuði.

Að loknu sumarfríi færðist starfsemi ungmennaráðs í aukana og tók ráðið meðal annars þátt í FO herferð UNWÍ með deilingu efnis á samfélagsmiðlum, þátttöku í viðburðum á vegum UNWÍ og þátttöku í sölu á pop-up mörkuðum. Í aðdraganda sextán daga átaksins, sem snéri að því að sporna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi, stóð ungmennaráð að hönnun og framleiðslu límmiða sem það dreifði í framhaldsskólum til þess að vekja athygli á framtakinu. Að mati ungmennaráðs voru límmiðarnir sniðug og áhrifarík leið til þess að auka vitundarvakningu og meðvitund ungmenna um afleiðingar ofbeldis af þessu tagi.

Ungmennaráð tók einnig virkan þátt í Ljósagöngu UN Women í nóvember. Þá sáu fulltrúar ráðsins um að sjá þátttakendum göngunnar fyrir kakói og tóku einnig fallegar myndir af viðburðinum sem deilt var á miðlum ráðsins.

Neðri mynd:

*Listasmíðja UN Women á Íslandi 66°Norður
fór fram í Höfuðstöðinni. Unnið var með
vörur framleiddar af SADA.*

Mynd/Hjördís

Efri mynd:

Ungmennaráð UN Women á Íslandi.

*Frá vinstri: Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir,
Mist Þormóðsdóttir Grönvold, Sóley
Anna Jónsdóttir, Magnús Ingi Árnason,
Þórunn Eva Ingvarsdóttir, Ragnheiður
Andrésdóttir, Leona Iguma, Elin María
Jakobsdóttir, Védís Vífilsdóttir, María
Ingadóttir og Ásta Dís Ingimarsdóttir. Á
myndina vantar Áróru Gunnarsdóttur.*



FO

-herferð

UN WOMEN Á ÍSLANDI

FO-BOLURINN 2025 VAR HANNAÐUR AF FATAHÖNNUÐINUM HELGU LILJU MAGNÚSDÓTTUR. Herferðin var styrkt af Öryggismiðstöðinni annað árið í röð. Tekjur af sölu FO-bolsins runnu til verkefna UN Women í Afganistan en starfsemi stofnunarinnar hefur tekið stakkaskiptum frá því að talíbanar tóku völd í annað sinn þann 15. ágúst 2021. Þrátt fyrir það eru umfangsmestu verkefni UN Women einmitt í Afganistan – skýrt tákni fyrir staðfestu stofnunarinnar um að standa með afgönskum konum og stúlkum og kvenreknum félagasamtökum – og Afgönnum öllum – þar sem þau berjast áfram fyrir mannréttindum sínum og frelsi.

Að venju lögðu þjóðþekktir einstaklingar herferðinni lið með því að bregða sér í hlutverk fyrirsætu. Þeirra á meðal voru áhrifavaldurinn Gummi Kíró, leikarinn Davíð Þór Katrínarson, landsliðskonan Natasha Anasi og rithöfundurinn Embla Bachmann.



STAÐAN HELDUR ÁFRAM AÐ VERSNA Á þeim rúmlega fjórum árum sem liðin eru frá því að talíbanar tóku völdin í Afganistan, hafa afganskar konur og stúlkur verið sviptar grundvallarmannréttindum sínum og reisn. Þessar takmarkanir á líf og frelsi afganskra kvenna eru ekki tímabundnar, líkt og stundum hefur verið framhaldið; engin þessara skipana hefur verið afturkölluð. Það er mikilvægt að alþjóðasamfélagið komi í veg fyrir að versta aðför að réttindum kvenna í heiminum verði gerð að nýju normi.



STÚLKUM ER BANNAÐ AÐ SÆKJA SKÓLA EFTIR 13 ÁRA ALDUR.

Konur eru útilokaðar frá flestum störfum og frá stjórnámálum og mega ekki ferðast utan heimilisins nema í fylgd karlkyns ættingja. Margar fá ekki einu sinni að taka eigin ákvarðanir innan veggja heimilisins.

Konur mega ekki leggja stund á læknisfræði í háskólum, reglur koma í veg fyrir að konur megi þiggja læknis meðferð frá körlum – þetta hefur í för með sér konur fá ekki þá heilbrigðisþjónustu sem þær þurfa.

Afleiðingarnar eru skelfilegar. Lífslíkur kvenna hafa dalað og þær lifa lengur við slæma heilsu. Líkur á mæðradauða og barnahjónaböndum hefur aukist, og ofbeldi gegn konum fer vaxandi.

Myndir/Atli Þór Alfreðsson

Áfram var mikið lagt upp úr fréttáflutningi og upplýsingagjöf á vefsíðu og samfélagsmiðlum UN Women á Íslandi. Kynningarteymi UN Women á Íslandi sinnir fréttaskrifunum, en fengu jafnframt ómetanlega aðstoð frá Theódóru G. Vilhjálmssdóttur. Árið 2025 voru 61 grein rituð og birt á vefsíðunni, samanborið við 66 árið á undan.

Fjölmiðlun og samfélagsmiðlar

UN Women á Íslandi átti áfram í góðu samstarfi við fjölmiðla um verkefni samtakanna, ber þá helst að nefna fréttáflutning í kringum March Forward-herferðina og 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi. Umfallanir um UN Women á Íslandi í íslenskum og erlendum fjölmiðlum voru u.þ.b. 131 árið 2025, sem er fjölgun frá árinu áður.

UN Women á Íslandi sinnir einnig umsagnaskrifum vegna frumvarpa og þingsályktana sem stjórnvöld og alþingi hyggjast leggja fram, meðal þeirra frumvarpa sem UN Women á Íslandi skilaði umsögnum um voru frumvörp til lagabreytinga á útlendingalögum.



SAMFÉLAGSMIÐLAR UN WOMEN Á ÍSLANDI

Samfélagsmiðlar UN Women á Íslandi gegna lykilhlutverki í öllu kynningar- og fjáröflunarstarfi samtakanna. Þeir nýtast meðal annars til að miðla efni frá höfuðstöðvum UN Women, vekja athygli á alþjóðlegum dögum og kynna starfsemi landsnefndarinnar. Miðlarnir ná til fjölbreytts hóps og reynast öflugt tæki til að halda málefnum líðandi stundar í brennidepli. UN Women á Íslandi er með aðgang á Facebook, Instagram, LinkedIn og YouTube, og einnig á TikTok, þó í minna mæli. UN Women á Íslandi hefur að öllu dregið úr notkun X (áður Twitter), en miðillinn náði aldrei verulegum vinsældum á Íslandi.

Heildarfjöldi fylgjenda á samfélagsmiðlum í lok árs 2025 var **37.181**, samanborið við **35.888** árið 2024. Á Instagram voru samtökin með **8.552** fylgjendum, samanborið við **7.840** árið 2024. Meirihluti fylgjenda okkar á Instagram eru konur, eða um **89%**. Á LinkedIn fjölgaði fylgjendum um **106** á árinu 2025 og voru **1.781** í lok árs. Á Facebook var fjöldi fylgjenda **24.452**, samanborið við **24.377** árið áður. Á TikTok fjölgaði fylgjendum um **431** árið 2025 og náðu þeir **997** í lok árs.

March Forward-herferð UN Women á Íslandi var að mestu leyti keyrð út á samfélagsmiðlum samtakanna og skipaði þar stóran sess árið 2025. Hið sama má segja um FO-herferðina 2025 og 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi, en þær herferðir fóru báðar í loftið haustið 2025. Smærri samfélagsmiðlaherferðir voru einnig keyrðar út árið 2025 og má þar helst nefna vitundarvakningarherferðir í tengslum við 15 ára afmæli UN Women, 25 ára afmæli ályktunar **1325** um konur, frið og öryggi, SADA-herferð UN Women á Íslandi og 66°Norður og 30 ára afmæli Pekingsáttmálans. Þá fengu Kvennaár og Kvennaverksfall sinn sess á samfélagsmiðlum samtakanna, en UN Women á Íslandi var aðili að Kvennaári 2025.

Auk stærri herferða árið 2025 einkenndust miðlar UN Women á Íslandi af fjölbreyttu efni á alþjóðlegum tyllidögum og reglulegri upplýsingagjöf. Markmiðið með þessari miðlun var, líkt og endranær, að lyfta röddum kvenna og stúlkna, veita fræðslu og vekja athygli á starfsemi og áherslum UN Women jafnt innanlands sem erlendis.

Fjölmennt var í Ljósagöngu UN Women á Íslandi 2025. Gangan var farin í minningu baráttukonunnar Ólafar Töru Harðardóttur. Mynd/Sunna Ben



Fyrirtækjasamstarf og fjáröflun UN Women á Íslandi árið 2025 einkenndist fyrst og fremst af fyrirtækjasamstarfi í tengslum við March Forward, áframhaldandi samstarfi við Öryggismiðstöðina vegna FO-herferðarinnar, og nýju samstarfi við Atlants-olíu vegna 16 daga átaks UN Women auk þess sem auglýsinga- stofa Atlantsolíu, Hér & Nú, tók að sér að gera auglýsingaherferð og birta. Fyrri hluta ársins var að stórum hluta varið í undirbúning March Forward herferðarinnar. Með stuðningi styrktaraðila tókst UN Women á Íslandi að tryggja öflugan sýnileika herferðarinnar og halda setningarviðburð á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. Í tengslum við March Forward

söfnuðust alls **14.969.902 króna**. Meðal stuðningsaðila voru félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Arion banki, Landsbankinn, Reykjavíkurborg, Festi og Sendinefnd ESB á Íslandi og erum við innilega þakklát fyrir stuðning þeirra.

Í september studdi Öryggismiðstöðin FO-herferðina með **3,5m króna** framlagi, sem gerði UN Women á Íslandi kleift að selja FO-bolinn til stuðnings konum og stúlkum í Afganistan. Samstarfinu

Fyrirtækjasamstarf

lauk í lok árs 2025 og vill UN Women á Íslandi þakka Öryggismiðstöðinni innilega fyrir dýrmætan stuðning og góða samvinnu á samstarfstímanum. Samstarf við Iceland Hotel Collection by Berjaya hélt áfram með góðum árangri, en samstarfssamningurinn gildir út árið 2027. Markmið verkefnisins er að efla jafnréttismenningu innan hótélkeðjunnar og afla

fjár til verkefna UN Women um allan heim. Samstarfið er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess fjölda ferðafólks sem heimsækir Ísland ár hvert. Á árinu studdi Berjaya landsnefndina meðal annars með láni á sölum á hótélum þeirra ásamt veitingum en einnig söfnuðust **201.000 krónur** í gegnum bókunarevél og sölu varnings á hótélunum sjálfum. Í tilefni 16 daga átaks UN Women gerðist Atlantsolíu samstarfsaðili UN Women á Íslandi og studdi herferðina um tvær milljónir króna. Styrkurinn gerði UN Women á Íslandi kleift að stækka herferðina umtalsvert og hefur eftirspurn eftir sérfræðipækkingu landsnefndarinnar á viðfangsefni ársins 2025, stafrænu kynbundnu ofbeldi, stóraukist í kjölfarið. Einnig söfnuðust **324.000**

krónur í sameiginlegu verkefni UNWÍ og Straums þar sem viðskiptavinum ákveðinna

verslana gafst kostur á að styrkja landsnefndina með framlagi í posa. Hringekjan fataverslun var einnig með bás til styrktar áttakinu þar sem söfnuðust **28.000 krónur** sem runnu til verkefna UNWÍ.

Auk þess studdu ýmis fyrirtæki starf UN Women á Íslandi með stökum styrkjum, þar á meðal Krónan, Landsnet og Rauðás ehf.

Fjáröflun fór einnig fram í gegnum samstarfsverkefni með Óskaskrín og Slippfélaginu. Þá tóku World Class og Míla þátt í verkefni þar sem varningur UN Women á Íslandi var seldur til starfsfólks fyrirtækjanna.

Að lokum má nefna farsælt samstarf við Epal, Ekóhúsið og Pennann Eymundsson, sem seldu ilmkerðið „Ljós í lífi kvenna“ á árinu 2025 til stuðnings starfsemi UN Women.

UN Women á Íslandi heldur áfram að efla samfélag samstarfsfyrirtækja UN Women á Íslandi, halda barbershop vinnustofur, flytja kynningar og fræðslu til fyrirtækja, styðja fyrirtæki í innleiðingu jafnréttissáttmálans (Women's Empowerment Principles, WEPs) og efna til nýs samstarfs með framúrskarandi fyrirtækjum. Það er nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki taki þátt í jafnréttisbaráttunni og erum við þakklát þeim fyrirtækjum sem sjá hag sinn í því að styðja við okkar starf í þágu jafnréttis fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Alls söfnuðust

46.032.257 kr. frá

fyrirtækjum á árinu 2025.



Fjármál

Heildartekjur UN Women á Íslandi námu tæpum **240 m.kr.** árið 2025, en þær lækkuðu um **40,5 m.kr.** á milli ára. Helstu breytingar milli áranna 2024 og 2025 voru að á árinu 2024 kom fjárfesting frá höfuðstöðvum að andvirði um **30 m.kr.** Framlög Ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna, en framlag þeirra lækkaði um rúmar 10 milljónir og nam í heildina tæplega **188 m.kr.**

Lækkun framlaga frá Ljósberum má rekja til breytinga á ytra umhverfi fjáröflunar. Þrátt fyrir að fjármunir væru lagðir í átaksverkefni í úthringiveri og götukynningum sumarið 2025 gekk treglega að afla nýrra mánaðarlegra styrktaraðila. Þær aðferðir sem notaðar hafa verið hingað til skila ekki sama árangri og áður.

Annað söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum og svo sala á varningi nam **6.085.076 kr.** og lækkaði talsvert milli ára. Það skýrist að mestu af því að sala á FO-vöru ársins fór hægt af stað. Lítils háttar hækkun varð á stökum styrkjum milli ára, en í lok árs 2025 fór úthringiver í átak til að afla stakra styrkja.

Styrkir til rekstrar og herferða námu **46 m.kr.** á árinu 2025, þar af komu 15 milljónir frá utanríkisráðuneytinu. Styrkir vegna herferða námu í heild tæpum **20.4 m.kr.**, þar af **14.9 m.kr.** vegna March Forward-herferðarinnar, **3,5 m.kr.** vegna FO-herferðar og **2 m.kr.** fyrir 16 daga átakið. Félagsgjöld, vaxtatekjur og aðrir styrkir námu tæpum **9.5 m.kr.**

Á árinu 2025 voru Ljósberar UN Women á Íslandi, líkt og undanfarin ár, undirstaðan að árangri samtakanna í fjáröflun, en langstærsti hluti framlaga UN Women á Íslandi til verkefna UN Women á heimsvísu kom frá Ljósberum, eða um 95%. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu, kynningarstarf og rekstur skrifstofu nam tæpum **158 m.kr.** sem var **12,5 milljón króna** hækkun frá árinu áður. Aðkeypt þjónusta vegna March Forward-herferðarinnar á árinu var um **25 m.kr.**

Á árinu 2025 urðu breytingar á starfsmannahaldi á skrifstofu samtakanna. Áfram var haldið með breytingar á starfslýsingum starfa til að auka skilvirkni á skrifstofunni, sú vinna hófst á árinu 2024.

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2025 lækkaði á milli ára og nam tæplega **100 m.kr.** Framlögin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem voru hvað mest aðkallandi á árinu í gegnum kjarnasjóð UN Women. Síðast en ekki síst runnu fjármunirnir sem söfnuðust í FO-herferð ársins 2025 til verkefna í Afganistan.

Í lok árs 2025 var tekin ákvörðun í samráði við höfuðstöðvar UN Women að sent yrði 52% af söfnunarfé samtakanna til verkefna UN Women. Það er gert til að fjárfesta í innviðum samtakanna á Íslandi en kominn er tími á að endurnýja fjárhagskerfi, vefsíðu, sölu-og söfnunarsíðu sem og að taka upp viðskiptavinakerfi (CRM) til að halda utan um alla styrktaraðila samtakanna. Stjórn UN Women á Íslandi hefur undanfarin ár náð ágætum árangri í að byggja upp varasjóð, sem stendur í dag í 16 milljónum. Sjóðinn er hægt að nota ef bregðast þarf við áföllum í rekstri. Stjórn hefur hug á að auka enn frekar við varasjóðinn á árinu 2026 og er sú ákvörðun í samræmi við stefnu stjórnar um ábyrgan rekstur og góða stjórnarhætti sem og áherslur höfuðstöðva UN Women.

Stúlka sem tekur þátt í verkefninu „Local Solutions for Climate Resilience and Peace Project“ sem styður við viðnámsprótt kvenna vegna loftslagsbreytinga og átaka í Suður-Súdan.

UN Women/Jeroen Van Loon



HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

SÖFNUNARFÉ LJÓSBERA TIL VERKEFNA UN WOMEN	187.601.249
ANNAÐ SÖFNUNARFÉ TIL VERKEFNA UN WOMEN	6.085.076
FÉLAGSGJÖLD	1.096.400
STYRKIR FRÁ RÁÐNEYTUM	15.000.000
STYRKIR TIL FJÁRÖFLUNAR- OG KYNNINGARSTARFS Á ÍSLANDI	29.935.857
SAMTALS	239.718.582

ÚTGJÖLD

KOSTNAÐUR VEGNA FJÁRÖFLUNAR	82.044.419
KOSTNAÐUR VEGNA FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARFS	49.748.794
ANNAR REKSTRAR- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR	26.536.638
SAMTALS	158.329.851

FRAMLÖG TIL VERKEFNA UN WOMEN

FRAMLAG Í KJARNASJÓÐ UN WOMEN	95.376.345
AFGANISTAN	4.776.020
HEILDARFRAMLAG LANDSNEFNDAR TIL VERKEFNA UN WOMEN	100.152.365

UN Women er ein af áherslustofnunum íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Á árinu 2025 námu heildarframlög utanríkisráðuneytis og landsnefndar rúmlega 562 milljónum króna, þar af námu kjarnaframlög rúmlega 305 milljónum króna og eyrnamerkt framlög voru tæpar 257 milljónir króna. Framlög Íslands til UN Women hækkuðu um 68 milljónir milli áranna 2024 og 2025.

FRAMLÖG ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA TIL UN WOMEN

UN WOMEN - KJARNAFRAMLAG	210.000.000
UN WOMEN JAFNRÉTTISMÁL Í AFGANISTAN	50.000.000
UN WOMEN JÓRDANÍÚ	50.000.000
UN WOMEN PEACE AND HUMANITARIAN FUND	100.000.000
UN WOMEN – MASCULINITIES – ENGAGING MEN AND BOYS / HEFORSHE	25.990.000
UN WOMEN’S LEADERS NETWORK	25.990.000
HEILDARFRAMLAG STJÓRNVALDA TIL VERKEFNA UN WOMEN	461.980.000





Stuðningur og samstarf utanríkisráðuneytisins og UN Women á Íslandi

Málefnasamstarf utanríkisráðuneytisins og landsnefndar var margþætt að venju en í brennidepli árið 2025 var stuðningur við kynningarstarf landsnefndarinnar. Í því fólst meðal annars fréttáflutningur um stöðu kvenna og stúlkna í efnaminni ríkjum heims og í neyð. Fjallað var um starf UN Women á samfélagsmiðlum, kynningum í skólum, fyrirtækjum og stofnunum sem og með þátttöku í ýmsum viðburðum og málstofum. Stærsti viðburðurinn var haldinn í tilefni af 25 ára afmæli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr.1325 um konur, frið og öryggi, samhliða Reykjavík Global Forum ráðstefnunni í nóvember. Þá studdi utanríkisráðuneytið með ómetanlegum hætti við heimsherferðina March Forward.

Framkvæmdastýra sinnti formennsku í þróunarsamvinnunefnd og átti í góðu samstarfi við starfsfólk utanríkisráðuneytisins við dagskrárgerð og fundarhald. Alls voru fjórir fundir haldir á árinu 2025 sem fjölluðu um verkefnastuðning Íslands hvað varðar þróunarsamvinnu og mannúðarmál.

Framkvæmdastýra sat áfram í stýrihópi frjálsra félagasamtaka um konur, frið og öryggi innan NATO (e. NATO Civil Society Advisory Panel on Women, Peace and Security). Markmið hópsins á árinu 2025 var að koma með tillögur að nýrri aðgerðaráætlun út frá nýsamþykktri stefnu NATO um konur, frið og öryggi sem samþykkt var á leiðtogafundi NATO í Washington DC í Bandaríkjunum í júlí 2024. Vinna við gerð nýrrar aðgerðaráætlunar hefur dregist og var ekki samþykkt á árinu 2025.

Mynd: March Forward-herferðin, sem leidd var af UN Women á Íslandi, var frumsýnd í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 8. mars 2025. Mynd/Ryan Brown

English Overview

FUNDRAISING

Iceland's National Committee remitted the highest core funding of all 13 National Committees to UN Women in 2025, despite inflation and economic challenges. Monthly donors, the Ljósberar, remain the backbone of the NCI, but their numbers fell sharply in 2025: 314 new signups versus 1,217 cancellations. Active donors at year's end were 8,949, and total contributions decreased to ISK 193.7 million. Most new donors (196) came through UN Women Iceland's call centre, with additional signups from face-to-face outreach and the website. Sales of symbolic gifts reached ISK 495,890, and new partnerships were launched with Hæ blóm and KORGI coffee roastery.

ADVOCACY AND COMMUNICATIONS

In spring 2024, UN Women Iceland began planning a global gender equality campaign titled March Forward for Gender Equality. The goal was to highlight global setbacks in gender equality, raise awareness of the current situation, and foster dialogue. The campaign emphasized unity, showing that advancing the rights

of women and girls benefits entire societies through increased prosperity.

The campaign launched on International Women's Day, March 8, 2025, and remained active throughout the year. Led by UN Women Iceland, it involved National Committees worldwide and UN Women in New York. All creative work was developed with Pipar/TBWA and TBWA Helsinki.

A short hero film, produced by UN Women Iceland, premiered at the UN General Assembly Hall on March 7. To engage young people in Iceland, secondary schools were encouraged to join a viral "backwards walk" challenge; about 80% participated. Presentations were also delivered in schools. In September, the National Olympic and Sports Association of Iceland and several sports organizations joined the challenge.

Throughout 2025, NCI also hosted or contributed to additional initiatives: the annual Ring the Bell event with UN Global Compact and Nasdaq Iceland; content marking UN Women's 15th anniversary; and Beijing +30 activities, including a conference cohosted with the Embassy of China.

Preparations advanced for the 2025 FO campaign, marking its 10th year, featuring a special product by designer Helga Lilja Magnúsdóttir. UN Women Iceland also developed a new podcast, Svellið, in late 2025. Major collaborations included the launch of the SADA Cooperative project with 66°North and MFA support, and two events marking the 25th anniversary of Women, Peace and Security. For the 16 Days of Activism, the theme aligned with the global focus on ending digital violence against women and girls.

Media engagement improved in 2025, largely due to the March Forward campaign and interest in the 16 Days theme. The NCI received 131 media mentions, up from 113 in 2024. UN Women Iceland published 61 news articles and wrote several opinion pieces, though capacity for translations was reduced due to campaign demands. The communications team gave six school presentations and cohosted multiple events with NGOs, Women's Year, the Reykjavík Global Forum, and during the 16 Days. Social media followers grew to 37,181 across platforms. The website recorded 12,000 engaged sessions and 17,000 users, down from 22,000 in 2024.

PRIVATE SECTOR PARTNERSHIPS

In 2025, UN Women Iceland's corporate fundraising was driven primarily by partnerships linked to the March Forward campaign, the FO campaign, and the 16 Days of Activism. March Forward generated ISK 14.9 million with support from key public and private

partners. Öryggismiðstöðin contributed ISK 3.5 million to the FO campaign, while collaboration with Berjaya's Iceland Hotel Collection continued with mostly in-kind support. Atlantsólía provided ISK 2 million for the 16 Days campaign. Total corporate support in 2025 amounted to ISK 46 million.

FINANCE

UN Women Iceland's total revenue in 2025 was just under ISK 240 million, a year-on-year decrease. This is partly explained by an ISK 30 million investment from headquarters which the Nat Com received in 2024. Contributions from Ljósberar, the Nat Com's monthly donors, dropped to ISK 188 million due to a more challenging fundraising environment, despite outreach campaigns. Other individual and corporate donations, along with merchandise sales, totalled just over ISK 6 million and declined mainly because FO-product sales started slowly. Operational and campaign grants reached ISK 46 million. Funding to UN Women's global work decreased to nearly ISK 100 million. At yearend, it was decided to allocate 52% of funds to UN Women projects while investing in Icelandic office systems and strengthening the reserve fund.

GOVERNMENT SUPPORT

As in previous years, the cooperation between the Ministry for Foreign Affairs and the National Committee



was multifaceted. The focus in 2025 was on supporting the Committee's outreach work, which included news articles on unwomen.is on the situation of women and girls in low-income countries and in crisis settings. But also on social media, in schools, companies, and institutions, and through participation in various events and panels.

UN Women Iceland and the MFA also co-hosted an event marking the 25th anniversary of UN Security Council Resolution 1325 on Women, Peace and Security, held alongside the Reykjavik Global Forum in November.

The Executive Director of UN Women Iceland chaired the Development Cooperation Committee, working closely with ministry staff on planning and meetings.

Four meetings in 2025 focused on Iceland's support for development cooperation and humanitarian issues. The ED also served on NATO's Civil Society Advisory Panel on Women, Peace and Security, contributing proposals for a new action plan based on NATO's updated policy adopted in 2024. Work on the plan was delayed and not approved in 2025.

MYND: UN Women í Malaví hefur unnið að því að auka jafnrétti innan samfélaga og í landbúnaði. Mynd/UN Women Malaví

Við erum UN WOMEN Á ÍSLANDI

FRAMKVÆMDASTÝRA:
STELLA SAMÚELSDÓTTIR

LEIÐTOGIFYRIRTÆKJASAMSTARFS, FJÁRÖFLUNAR OG SJÁLFBÆRNI:
UNNUR LÁRUSDÓTTIR

FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSTÝRA:
KARÍTAS SARA HÄSLER

LEIÐTOGI EINSTAKLINGSFJÁRÖFLUNAR:
ANNA GUÐRÚN ARADÓTTIR

KYNNINGARSTÝRA:
SARA MCMAHON

VERKEFNASTÝRA Á KYNNINGARSVIÐI:
RAKEL MCMAHON

LEIÐTOGI Í STAFRÆNNI MARKAÐSSETNINGU:
ELVA HRÖNN HJARTARDÓTTIR

VERKEFNASTÝRA FJÁRÖFLUNAR:
ELÍN ÁSTA FINNSDÓTTIR



Stjórn UN Women á Íslandi er skipuð formanni auk níu stjórnarmeðlima. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn á aðalfundi félagsins. Aðalfundur UN Women á Íslandi 2025 fór fram þann 30. apríl. Einn nýr tók sæti í stjórn árið 2025 og var það Erik Figueras Torras.

FORMAÐUR: **ANNA STEINSEN**

VARAFORMAÐUR: **ÓLAFUR ELÍNARSON**

GJALDKERI: **ÁRNI MATTHÍASSON**

STJÓRNARMEDLIMIR: **ÁSLAUG EVA BJÖRNSDÓTTIR, FIDA ABU LIBDEH, INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, MARÍA RÚN BJARNADÓTTIR, JÓN JÓNSSON, ERIK FIGUERAS TORRAS OG ÓLÖF SOFFÍA EÐVARÐSDÓTTIR FULLTRÚI UNGMENNARÁÐS.**



Þúsund Þakkir!



Aldís Amah Hamilton
 Anna Kolfinna Kuran
 Arnar Gunnarsson
 Arion Banki
 Atlavík
 Atli Þór Alferðsson
 Atlantsólía
 Baldur Ragnarsson
 Benedikt Freyr Jónsson
 Birna Pétursdóttir
 Domusvox - félagi úr Stúlnakór
 Reykjavíkur og Aurora
 Dómasmálaráðuneytið
 Eliza Reid
 Ekóhúsið
 Epal
 Exton
 EY Agency
 Festi
 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
 Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA)
 Fjölskylda Ólafar Töru Harðardóttur
 Friðrik Snær Friðriksson
 Fyrirsætur í FO herferð

Fyrirsætur í March Forward herferð

Guðmundur Birkir Pálmason
 Gulli Arnar
 Gæðabakstur
 Hallgrímskirkja
 Harpa tónlistarhús
 Háskóli Íslands
 Helga Lilja Magnúsdóttir
 Hér og Nú
 Hljóðkirkjan
 Hringekjan fataverslun
 Iceland Hotel Collection by Berjaya
 IDÉ
 Íslandsbanki
 Kaffitár
 Karlakórinn Fóstbræður
 Krónan
 Kvennakór Reykjavíkur
 Landsvirkjun
 Landsbankinn
 Landsnet
 Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja
 Ljósberar UN Women á Íslandi
 og aðrir styrktaraðilar
 Mannréttindahúsið

María Thelma Smáradóttir

Míla

Myndform

Noorina Khalikyar

Oddur Ástráðsson

Óskaskrín

Pipar/TBWA

Penninn Eymundsson

Rafiðnaðarsamband Íslands

Rauðás ehf.

Reykjavíkurborg

Sendinefnd ESB á Íslandi

Sjóndeild

Skólakór Kársness

Slippfélagið

Sky Lagoon

Sómi

Steinar Júlíusson

Straumur

Sýn

TBWA/Helsinki

Theódóra G. Vilhjálmsdóttir

Tumi Torfason

Ungmennaráð UN Women á Íslandi

Utánríkisráðuneytið

Valgerður Stefánsdóttir

Viðmælendur hlaðvarpsins Svellið

ÖBÍ réttindasamtök

Ölgerðin / Mist Iceland

Öryggismiðstöðin

66° Norður

Þórður Kristinsson

Þórdís Reynisdóttir

World Class

